

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

GÚTTÓ ehf
H-prent
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

JARÐAR

Textablakkát á afmælisdegi Guðmundar Inga

„Það sem mig langar núna til að gera meira af, og hef reyndar verið að gera hægt og rólega, er að fást ennþá meira við skriftir. Konan er líka mikið að ýta mér í þá átt. Og ég veit að þegar hún segir eitthvað, þá er það rétt!“ segir Bíldadælingurinn Elfar Logi Hannesson, leikari og leikhússtjóri Kómedíuleikhússins á Ísafirði í viðtali vikunnar.



— Sjá bls. 10 og 11.

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 20. febrúar 2014 · 7. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Sólborgarstúlkur í sólskinsskapi

Vinkonurnar Sigríður Jóna og Kristey nutu veðurblíðunnar á mánudag í garðinum við leikskólann Sólborg en gáfu sér samt tíma til að brosa fyrir ljósmyndara BB.

SMÍDJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12

Opið mánudaga til föstudaga 8-18
Opið laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

- ...fyrir BÍLINN
- ...fyrir BÁTINN
- ...fyrir HEIMILIÐ
- ...fyrir FAGMANNINN
- ...fyrir ÞIG!

Kíktu til okkar í Hafnarstræti 9 Ísafirði

Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL Á **eBOX.IS**

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Ekki tryggt að allir starfsmenn Eyrarskjóls fá vinnu hjá Hjallastefnunni

Samningur við Hjallastefnuna ehf. felur það í sér að starfsfólki Ísafjarðarbæjar á Eyrarskjóli verður sagt upp og það hefur störf hjá nýjum launagreiðanda, Hjallastefnunni ehf. „Mér vitanlega verður ekki tryggt að allir leikskólakennarar á Eyrarskjóli fái áfram vinnu. Hvernig það leysist veit ég ekki, hvort það verður gert með starfsmannaveltu hjá Hjallastefnunni. Ef einhverjir starfsmenn missa vinnu vegna þessara breytinga þá er það mín von að hægt verði að bjóða viðkomandi störf hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar sem fyrst,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, forseti bæjarstjórnar og formaður fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar.

Heyrst hefur að laun leikskólakennara á Eyrarskjóli hækki taki Hjallastefnan yfir rekstur skólans. „Það er ekki hluti af vinnu sveitarfélagsins vegna hugsanlegs samkomulags við Hjallastefnuna ehf., að kanna hver verði laun starfsmanna hjá því fyrirtæki. Við munum fyrst og fremst gæta að velferð barna, foreldra og starfsfólks og fylgjast með því að farið sé að lögum og að starfshættir verði með þeim hætti sem sveitarfélagið telur ásættanlegt.“ Gísli Halldór segist hafa



Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði.

heyrt þennan orðróm um launa-hækkanir.

„Ég hef vissulega heyrt sagt að Hjallastefnan greiði starfsfólki leikskóla hærri laun en sveitarfélög. Þetta ku vera afleiðing þess hvernig þau haga sínum rekstri og fyrirkomulagi við skóladaginn, þ.e.a.s. þau geta samkvæmt þessu haft fleiri börn per starfsmann. Þetta getur hinsvegar ekki orðið rétt fyrir en samist hefur milli bæjarins og Hjallastefnunnar um verðið á yfirtökunni og þá væntanlega aðeins þegar Hjallastefnan ehf. hefur náð upp því hagræði sem hún þarf til þess að

greiða hærri laun. Ef sú verður raunin þá er það að okkar mati jákvætt að starfsfólk fái hærri laun, þó það sé ekki sérstaklega markmiðið með þessari vegferð.“

Gísli Halldór sér ekki nein vandkvæði á því að starfsmenn eins leikskóla í bæjarfélaginu fái hærri laun en starfsmenn hinna. „Ef Hjallastefnan getur búið til afgang í sínum rekstri með hagræðingu og hjálp starfsfólks þá þykir mér sanngjarnt að hann renni til starfsfólksins í formi hærri launa, að einhverju eða öllu leyti. Það getur varla komið sér illa fyrir starfsfólk á öðrum

leikskólum? Því má bæta við að eftir því sem mér er sagt þá eru ákvæði í samþykktum Hjallastefnunnar ehf. sem banna að úr félaginu sé greiddur arður. Eftir ofangreindu að dæma er „arðinum“ því frekar beint í þann farveg að hækka laun.“

Aðspurður hvort að stjórnendur hinna leikskólanna eigi von á því að nái þeir hagræðingu í rekstri geti þeir nýtt afraksturinn til að hækka laun starfsfólks segir Gísli að honum vitanlega sé ekkert slíkt í boði. „Það væri gaman að skapa þær aðstæður að hægt væri að láta sambærilega hagræðingu skila sér til starfsmanna annarra leikskóla, ég vildi gjarnan sjá það. Hvernig það væri gert veit ég þó ekki. Við erum að sjálfsögðu bundin af lögum og kjarasamningum, samfloti við önnur sveitarfélög, en Hjallastefnan ehf. þarf líka að fara að lögum og samningum. Ég geri varla ráð fyrir að þetta verði „sama“ vinnan ef svo færi að starfsfólki yrði fækkað. Væntanlega væri þá verið að gera eitthvað með öðrum hætti? Það væri gaman að skapa þær aðstæður að hægt væri að láta sambærilega hagræðingu skila sér til starfsmanna annarra leikskóla, ég vildi gjarnan sjá það. Hvernig það væri gert veit ég þó ekki. Við erum að sjálfsögðu bundin af lögum og kjarasamningum, samfloti við önnur sveitarfélög en Hjallastefnan ehf. þarf líka að fara að lögum og samningum. Hugsanlega væri hægt að búa til einhverskonar kerfi með árangurstengdum uppbótargreiðslum.“

Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segist ekki kannast við að laun hækki á Eyrarskjóli. „Hjallastefnan greiðir starfsfólki

sínu sambærileg laun og sveitarfélögin greiða sínu starfsfólki enda allar rekstrarforsendur háðar samningum við viðkomandi sveitarfélög.“ Í umræðum um Hjallastefnuna og Eyrarskjól er orðanotkunin yfirleitt á þann veg að talað er um að Hjallastefnan „yfir-taki“ rekstur skólans frekar en einkavæðingu. Gísli segir hugsanlega megi kalla þetta einkavæðingu. „Munurinn er þó kannski sá að þarna yrði um samning að ræða sem við gætum hvenær sem er sagt upp og þá gengi allt til baka. Hjallastefnan ehf. verður með húsnæðið á leigu frá okkur.“

Gísli tekur ekki undir þær raddir sem hafa heyrst að það eigi að biða nýs meirihluta að ganga frá jafnstóru máli og einkarekstri leikskóla þegar svo stutt er eftir af kjörtímabilinu og að það eigi að leyfa málinu að fara í gegnum kosningar. „Það er meirihluti að störfum núna sem var einmitt kjörinn í kosningum og hefur umboð til að afgreiða stórmál. Þetta mál hefur hinsvegar verið unnið af því fagfólki sem við höfum ráðið til starfa, fyrst af starfsfólki Eyrarskjóls og svo í samvinnu við starfsfólk skólaskrifstofu og bæjarstjóra. Þetta hefur verið unnið með vitund fræðslunefndar og svo bæjarfulltrúa. Málið hefur einnig verið kynnt fyrir foreldrum barna á leikskólanum og verður haft mikið samráð við þá í aðdragandanum. Það má alltaf reyna að ljúga því að sjálfum sér að hin og þessi mál hafi fengið að fara í gegnum kosningar og þannig fengið „blessun“ kjósenda en það er algert kjaftæði því að kjósendur eru misjafnir eins og þeir eru margir og kjósa á gerólfkum forsendum. Ef ekki er um þjóðaratkvæðagreiðslu að ræða með skýrum valkostum um ákvæðið mál þá er heldur ekki um neina „blessun“ kjósenda að ræða.


Konudagshelgin
KVÖLDVERÐUR
Sérstakur þriggja rétta konudagsmatseðill.
Tveir fyrir einn í kvöldverð alla helgina.
Verð kr. 8.500- fyrir tvo.
VIÐ POLLINN
Veitingar á Hótel Ísafirði


Pantanir og frekari upplýsingar í síma 456-4111

BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDUÆVINTÝRI

FLUGFELAG.IS



KJÖRIÐ TÆKIFÆRI FYRIR FJÖLSKYLDUNA AÐ FLJÚGA SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA.

Krónan veitir 99% afslátt fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar 13. febrúar – 9. mars 2014.

Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.900 kr. frá Reykjavík og 1.550 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og Egilsstaða
- gildir ekki í tengiflug
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
 Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
 www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Gríman fellur Allt á eina bókina lært

„Fiskeldi er vaxandi grein á Íslandi og hún er hvað öflugust á Vestfjörðum. Okkur fannst því það vera rökrétt niðurstaða að byggja upp fiskeldisstöð fyrir vestan.“ (Fiskistofustjóri, bb.is 14.01.13)

Skjött skipast veður í lofti. Hálfu ári síðar er ljóst að hugur fylgdi ekki máli. Ráðabrigg um að starfsemin á Ísafirði skyldi flutt á Selfoss var kunnert með eftirminnilegum hætti: Það var skellt í lás! Með einu af hinum teygjanlegu nýyrðum íslenskrar tungu, kvað fiskistofustjóri ofmælt að stöðinni væri lokað, hún væri bara mannlús! Þetta væri alfarið hans ákvörðun, ráðherra hefði ekkert með þetta að gera. (bb.is. 13.01.14) Sama dag fullvissaði forseti Alþingis, og þingmaður NV-kjördæmis, Vestfirðinga um að hugur ráðherra í þessu máli hefði í engu breyst og hann hafi því engar áhyggjur af að til lokunar á starfsstöðinni kæmi: „Að mínu mati breytir það engu þótt það eru einhverjar vangaveltur um að breyta eðli eftirlitsins og færa það milli stofnana. Lögin eru skýr, eftirlitið er á hendi Fiskistofu og eftir þeim á að vinna.“

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hvattí „ríkisstjórn Íslands og Alþingi til að standa vörð um störf sem stjórnvöld hafa áður ákveðið að skuli eiga sér vettvang á Vestfjörðum.“ Óskað var eftir viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar. Síðan segir, frá dapurlegri reynslu, í samþykkt bæjarstjórnarinnar: „Oft hefur tekist með samstilltu átaki og stefnufestu að koma fótunum undir starfsstöðvar sem eiga fullt erindi í okkar landshluta. Einverra hluta vegna virðist fjara undan slíkum starfsstöðvum þegar frá líður, jafnvel óháð vilja stórvalda. Áreiðanlegt dæmi um þetta er lokun útibús Fiskistofu á Ísafirði.“ Bent er á að héðan séu horfnir starfsmenn í fiskeftirliti, „þrátt fyrir að sjókvíældi fiskis sé bannað víðast hvar annars staðar en á Vestfjörðum.“ (bb.is 17.01.14)

Í umræðum á Alþingi, þar sem valdbeiting Fiskistofu var harðlega gagnrýnd, kvaðst sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra fullvissa þingheim um að ekki stæði til að leggja af starfsemin á Ísafirði. Stefna ríkisstjórnarinnar væri að efla starfsemi ríkisstofnana á landsbyggðinni. (bb.is 22.01.14)

Hinn 10. þ. m. staðfestir Fiskistofustjóri, að starfsstöðin verði rekin áfram en óvíst sé hvaða verkefnum hún sinni og gert sé ráð fyrir tveimur stöðugildum. Í væntanlegu frumvarpi sé gert ráð fyrir að fiskeldismál færist frá Fiskistofu til Matvælastofnunarinnar á Selfossi og ljúki þar með tilrauninni við að byggja upp miðstöð fiskeftirlits á Ísafirði. Þetta verður vart túlkað á annan veg en að ráðherra (eða þeir sem hingað til hafa tekið ákvarðanir að honum óforspurðum) meti það svo að fiskeldi á Vestfjörðum verði betur sinnt frá heimavelli ráðherra á Selfossi, en frá Ísafirði. Illa rímar þetta við stefnuyfirlýsingu ráðherrans á hinu háa Alþingi fyrir skömmu. Svo vitnað sé til reynslu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar: Allt er þetta á eina bókina lært. Enn eina ferðina hefur gríman fallið. Samþykkt Alþingis er marklaust. Er „Já, ráðherra!“ allsráðandi í stjórnkerfinu? Hvað segja þingmenn NV-kjördæmis?

s.h.

Spurning vikunnar

Ertu fylgjandi einkavæðingu leikskóla í Ísafjarðarbæ?

Alls svöruðu 566.
 Já sögðu 158 eða 28%
 Nei sögðu 355 eða 63%
 Óviss sögðu 53 eða 9%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

HVAÐ ER AÐ GERAST

Á HELGINNI?

21.-23. FEBRÚAR 2014

WWW.VISITISAFJORDUR.IS

Viðburðir, opnunartímar og fleira



ÍSAFJARÐARBÆR
Í fadmi fjalla blárra

Sýnum aðgæslu til fjalla!

Vegna mikilla snjóalaga víða á hálendi Vestfjarða, vill Orkubú Vestfjarða og Landsnet benda á eftirfarandi:

Mikill snjór er víða til fjalla og því ættu allir þeir sem ferðast utan alfararleiða að sýna sérstaka aðgát.

Háspennulínur eru ekki alltaf sýnilegar vegna snjóá og slæms skyggis. Í miklu fannfergi minnkar bilið frá jörðu að línu og einnig er hætt á að ísing á línunum leiði til þess að línurnar sigi mikið. Við allra verstu aðstæður liggja leiðarar alveg niður í snjó.

Við þessar aðstæður, þegar bilið milli yfirborðs og línu er orðið þetta lítið, skapast hættuástand og lífsnauðsynlegt að gæta ýtrustu varúðar.

Því er skíða-, vélsleða-, jeppafólk og aðrir, sem eru á ferð um fjalllendi, beðnir um að gæta sérstakrar varúðar.

Góð regla er að athuga áður en lagt er af stað, hvort og þá hvar háspennulínur liggja um það svæði sem ferðast skal um.

Ef einhver verður var við að háspennulína sé of nálægt yfirborði eða eitthvað annað sé athugavert við línuna, þá verður að tilkynna það strax til Orkubús Vestfjarða eða Landsnets.



Orkubú Vestfjarða



LANDSNET

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í BAKKALÁR-
OG MEISTARANÁM TIL 21. MARS

BAKKALÁRNÁM
MYNDLIST / TÓNLIST
HÖNNUN & ARKITEKTÚR

MEISTARANÁM
HÖNNUN / MYNDLIST
TÓNSMÍÐAR /
SKÖPUN, MIÐLUN OG
FRUMKVÖÐLASTARF (NAIP)
LISTKENNSLA

Umsóknarfrestur í meistaranám í listkennslu og sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf er til 16. maí.
Ekki er tekið inn í sviðslistadeild fyrir skólaárið 2014–2015.

Nánari upplýsingar um námsbrautir,
inntökuferli fyrir hverja deild og
rafrænar umsóknir á www.lhi.is

Fjórða æxlið fannst meðan á geislameðferðinni stóð

Elsa Guðbjörg Borgarsdóttir frá Ísafirði greindist með illkynja æxli, eitt í brjósti og tvö í legi, í september á síðasta ári. Í október sagði BB frá því að vinir og vanda-menn hennar og eiginmannsins Ásgeirs Hólms Agnarssonar, sem einnig er Vestfirðingur, hefðu stofnað styrkarreikning og styrktarsíðu fyrir þau hjónin en þar lætur Elsa reglulega vita af sér og gangi mála í baráttunni. Strax var ljóst að erfiðir tímar væru framundan því fyrir utan veikindi Elsu hefur Ásgeir verið óvinnu-fær af völdum vinnuslyss og veikinda í mörg ár. Fjárhagsáhyggjur lögðust því þungt á þau í haust.

Blaðamaður BB hafði sam-band við Elsu í síðustu viku sem sagði henni hreinskilningslega frá því hvernig hafi gengið. „Ég fór í aðgerð strax í október þar sem æxlið í brjóstinu var fjarlægð ásamt eitlum. Í kjölfarið tók síðan við krabbameinslyfjameðferð sem stendur enn yfir. Síðustu vikurnar hef ég verið í geislameðferð, en meðan á henni stóð kom í ljós enn eitt æxlið í og við vinstri eggjastokk. Í upphafi var talað um að það þyrftu að líða 6-8 vikur frá geislum þar til það mætti skera mig aftur en miðað



Elsa Borgarsdóttir.

við þessa viðbót þá var ákveðið að flýta því eins og hægt er. Ég var að klára geislana núna á mánudaginn var, en síðasta vikan var frekar erfið með miklum slappleika ásamt bruna á geisla-svæðinu, bólgu og verkjum. Nú verða að líða hið minnsta tvær vikur áður en ég má fara í aðgerð aftur þar sem leg og eggjastokkar

verða fjarlægðir“ segir Elsa.

Hún segir að læknamir viti ekki hvort um góðkynja eða illkynja mein sé að ræða en þeir voni þó hið besta. „Þeir geta í rauninni ekki sagt neitt fyrr en þeir eru búnir að skera mig, skoða kviðarhol og senda sýni í frumurannsókn,“ segir Elsa.

Aðspurð hvort styrktarreikningurinn hafi náð að létta á fjárhagsáhyggjum þeirra segir Elsa. „Hann bjargaði okkur alveg, algjör himnasending. Við fáum minn hluta af ferðakostnaðinum greiddan tilbaka en þar sem ég er ekki innrituð á sjúkrahús á meðan meðferð stendur þá fara gríðarlega háar fjárhæðir í þjónustu og meðferð innan heilbrigðiskerfisins ásamt lyfjakostnaði og fleira þessu tengdu fyrir utan upphald

í Reykjavík, ekki bara fyrir mig heldur einnig fyrir fjölskylduna sem er fyrir vestan en við erum fimm í heimili. Allt þetta hefur verið gífurlega kosnaðarsamt og hefur góðvild og hugulsemi fólks komið okkur mjög vel og er ég því óendanlega þakklát. Eins má ekki gleyma því góða fólki sem er að starfa innan Sigurvegar á Ísafirði, ég hvet alla sem hafa eða munu standa í mínum sporum að vera í sambandi við þau,“ segir Elsa.

Að hennar mati er heilbrigðiskerfið stórgallað þegar að kemur að sjúkdómum eins og krabbameini því ekki virðist vera hugsað neitt út í það að fólk sem býr úti á landi þurfi jafnvel að halda tvö heimili á meðan lyfja- og geisla-meðferð stendur, eða hvaða með-

ferð það er sem sækja þarf til Reykjavíkur. „Það eitt og sér að fá krabbamein er flestum einstaklingum nógu erfitt svo að fjárhagsáhyggjur bætist ekki við ofan á allt saman. Aftur á móti hafa lækningar, hjúkrunarfólk og aðrir starfsmenn staðið sig frábærlega vel í öllu því sem tengist meðferð minni. Að vera í þeim sporum sem ég stend í dag hefur verið mjög erfitt, bæði líkamlega og ekki síst andlega, það umturnaðist allt saman. Ég á mína góðu og slæmu daga en ég hef gott fólk á bak við mig sem styður mig og styrkir,“ segir Elsa.

Vert er að geta þess að þeir sem vilja leggja þeim hjónum lið með fjárframlögum geta lagt inn á reikning 556-14-402989 kt. 171066-2989. –harpa@bb.is

Ferðabjónusta á Snæfjallaströnd

Áttahagafélag Snæfjallahrepps og Snjáfjallasetur óska eftir samstarfi við áhugasamt fólk sem vill taka að sér rekstur ferðabjónustu í Dalbæ á Snæfjallaströnd í þrjú mánuði yfir sumartímann. Viðkomandi þarf að hafa veitingaleyfi og sjá um greiðasölu og gistingu. Umsóknir óskast sendar á netfangið snjafjallasetur@snjafjallasetur.is eða sendar í pósti á Félag um Dalbæ, Dalatanga 14, 270 Mosfellsbæ.

Sjá nánar á vefnum snjafjallasetur.is



Þökkum samúð og vinarhug vegna andláts og úttarar okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu

Ástu Þórgerðar Jakobsdóttur

Hlíf, Ísafirði

Starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vestfirðna á Ísafirði eru færðar þakkir fyrir alúð og umönnun.

Stefán Haukur Ólafsson

Guðrún Ásbjörg Stefánsdóttir	Tryggvi Sigtryggsson
Stefán Haukur Tryggvason	Guðbjörg Gísladóttir
Jakob Ólafur Tryggvason	Hanna Mjöll Ólafsdóttir
Heiðrún Tryggvadóttir	Fjölínir Ásbjörnsson
Ásta Tryggvadóttir	Paul Eric Fuller
langömmubörn og langlangömmubörn.	

Framúrskarandi vestfirsk fyrirtæki

Dress up games ehf., á Ísafirði og Klofningur ehf., á Suðureyri eru einu vestfirsku fyrirtækin á lista Creditinfo yfir 462 framúrskarandi fyrirtækin á síðasta ári. Creditinfo hefur unnið ítarlega greiningu sem sýnir hvaða íslensk fyrirtæki hafa fengið bestu einkunn í styrk- og stöðugleikamati fyrirtækisins og telst rekstur þeirra því til fyrirmyndar. Af rúmlega 33.000 fyrirtækjum sem skráð eru í hlutafélagaskrá fá 462 fyrirtæki bestu einkunn.

Dress Up Games er tenglasíða sem gerir börnum kleift að finna dúkkulísuleiki á netinu og klæða persónurnar í föt. Fyrirtækið er í



Inga María Guðmundsdóttir.

eigu Ísfirðingsins Ingu Maríu Guðmundsdóttur á Ísafirði. Fiskþurrkunarfyrirtækið Klofningur ehf. á Suðureyri er í eigu fjölmargra aðila í fiskvinnslu á norðanverðum Vestfirðum. Eftirfarandi upplýsingar eru lagðar til grundvallar á mati Creditinfo um

hvort fyrirtæki uppfylli skilyrði styrkleikamatsins:

Að hafa skilað ársreikningum til RSK fyrir rekstrarárin 2010 til 2012. Minna en 0,5% líkur á alvarlegum vanskilum. Að sýna rekstrarhagnað (EBIT) þrjú ár í röð. Að ársniðurstaða sé jákvæð þrjú ár í röð. Að eignir séu 80 milljónir kr. eða meira rekstrarárin 2010 til 2012. Að eiginfjárlutfall sé 20% eða meira, rekstrarárin 2010 til 2012. Að vera með skráðan framkvæmdastjóra og stjórnarmenn í hlutafélagaskrá. Að vera virkt fyrirtæki skv. skilgreiningu Creditinfo.

–harpa@bb.is



BÓNUS FORKRYDDAÐ GRÍSAKJÖT



1198
krónur kg.

BÓNUS Kryddaðar grísakötulettur



1198
krónur kg.

BÓNUS Kryddaðar úrb. grísaahnakkasneiðar



2598
krónur kg.

ÍSLANDSNAUT Ungnauta-píparsteik



259
kr. 770gr

BÓNUS Heilkornabrauð 770g



198
krónur kg.

Spænskar Appelsínur



485
kr. 6 stk.

SEX YUM YUM KJÚKLINGA-NÚÐLUSÚPUR Á VERÐI FIMM.



598
krónur kg.

BÓNUS Ferskur grísaþógur




1198
kr. kg.

BÓNUS Bayonneskinka úr grísaþóg



1548
krónur 900g.



898
kr. kg.



PEPSI eða Pepsi Max 2 LTR + Doritos poki 379 kr.



1598
kr. kg.

BÓNUS Bacon



298
kr. 75g

BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g Upprunaland: Ítalía



149
krónur 2 stk.

EUROSHOPPER Hvíttlauksbrauð 2 STK.



1359
kr. 700g.

Úrbeinuð kjúklingalæri ROSE DÖNSK SKINNLAUS úrbeinuð



398
kr. 200g

BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g Upprunaland: Spánn



279
kr. 1 ltr.

EUROSHOPPER Matarolía SÓLBLÓMA OG REPJUOLÍA



359
krónur 500g

HEIMA KAFFI 500G



698
kr. 645g.

DR. OETKER Pizza pepperoni 645g

AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

Fiskeldi HG gæti skapað 140 störf

Fjölmenni var á kynningarfundum Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf., um fiskeldi sem haldinn var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði undir lok síðustu viku. Fyrirtækið vinnur nú að matsáætlun fyrir 6.800 tonna eldi á regnbogasilungi í þremur stöðum í Ísafjarðardjúpi. Í erindi Shiran Þórissonar, frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, um hagræn áhrif fiskeldis kom fram að eldið geti skapað 140 störf. Töluna finnur Shiran út með því að bera saman eldisáform HG og reynslu frá HG

hyggst fara í lífrænt vottað eldi sambærilegt við það sem er stundað á Írlandi. Á Írlandi skapast um skapast um 19 störf á hver 1000 tonn í eldi. Lífrænt vottað eldi er mannaflsfrækara en „massaeldi“ en skilar hærra afurðaverði.

Kristján G. Jóakimsson, verkefnisstjóri fiskeldis hjá HG, hélt einnig erindi um áform HG, hvernig að eldinu verði staðið, hvar það verður og helstu umhverfisþætti. Eldiskvíarnar verða á þremur stöðum; undir Skarðshlíð í mynni Skötufjarðar, undir



Kristján G. Jóakimsson kynnti áform HG.

Bæjarhlíð fyrir innan Æðey og í mynni Mjóafjarðar og Ísafjarðar. Eldið verður árgangaskipt sem þýðir að eitt svæði er ávallt í hvíld til að minnka umhverfisáhrif eins og úrgangssöfnun. Seiðaeldi verður á Nauteyri og slátrun mun fara fram í Súðavík.

Jón Örn Pálsson, frá Fjarðalaxi, flutti erindi um reynslu

þeirra á Suðurfjörðunum en mikill vöxtur hefur verið í laxeldi í fjörðunum. Fulltrúar hagsmunaaðila voru á fundinum, ferðaþjónustaðilar, rækjusiðmenn, landeigendur og fleiri en ekkert bólaði á fulltrúum frá þeim tveimur aðilum sem harðast hafa gagnrýnt eldisplön í Ísafjarðardjúpi, þ.e. frá Varplandi ehf. og Verndar-

sjóði villtra laxastofna.

Að loknum erindum þremminganna var opnað fyrir fyrirspurnir og voru þær margar og mestmegnis á jákvæðum nótum en þó mátti greina á fundinum áhyggjur fólks af áhættu vegna sjúkdóma sem berast í villta stofna og áhrif eldis á botnlífríki undir kvíunum. – smari@bb.is



Fjöldi manns sótti fundinn.

Flugfarþegar eiga rétt á endurgreiðslum

Farþegar sem þurfa að bíða til næsta dags þegar flug er felld niður vegna veðurs eiga rétt á hressingu og hótulgistingu. Í Austurfrétt kemur fram að Flugfélag Íslands felldi niður rúmlega 150 ferðir í nóvember vegna veðurs. Í reglum um réttindi flugfarþega sem innleiddar voru hérlandis árið 2012 og byggja á evr-

ópskum lögum er kveðið á um rétt farþega til hótulgistingar.

„Í stuttu máli á farþegi sem verður fyrir því að flugi hans er aflýst rétt á að fá aðstoð: að velja milli þess að fá endurgreiddan farmiðann eða annað flug,“ segir Ómar Sveinsson, fagstjóri neytendamála hjá Samgöngustofu í samtali við Austurfrétt. Þá er haft

eftir Ómari að heimamenn eigi ekki rétt á gistingu en þeir sem verða fyrir réttlætlanlegum kostnaði eigi möguleika að fá hann endurgreiddan, eins og til dæmis ferðir til og frá flugvelli ef farþegi er kominn á flugvöllinn þegar flugi er aflýst.

Í reglum segir að sé „flugleið farþega breytt þannig að áætlaður

brottfarartími nýja flugsins er a.m.k. einum degi eftir áætlaða brottför flugsins sem var aflýst skal flugrekandi einnig bjóða hótulgistingu og flutning á milli flugvallar og gistiáðstöðu.“ Einnig eiga farþegar að fá upplýsingar um réttindi sín og eiga mögulega rétt á bótum ef aflýsingin er ekki talin vera vegna óviðráðanlegra

aðstæðna. Á fundi um flugfargjöld á Egilsstöðum fyrir helgi sagði Árni Gunnarsson, forstjóri Flugfélags Íslands, að 154 ferðir hefðu verið felldar niður hjá félaginu í nóvember vegna veðurs og hefðu ekki verið fleiri frá síðasta eldgosi. „Það tapar enginn meira á því en við því farþegar eiga þá rétt á bótum,“ segir Árni.

Hanna Birna „lekinn“ og Ríkisútvarpið

Vart er hægt að tala um „lekamálið“ ógurlega án þess að verða forviða. Margt styður þá afstöðu. Eitt sker sig þó úr. Það er aðkoma fjölmiðla og einkum áhugaleysi þeirra um upplýsingum þess sem um er rætt. Verst er þó aðkoma hins ríkisrekna fjölmiðils sem gengur undir nafninu Ríkisútvarpið, en við það vilja stjórnendur og fréttamenn þess ekki kannast og nota því alls óhæfa styttingu, sem ekki verður endurtekin hér. Það er nefnilega svo að þeir virðast ekki vilja meðkenna að Ríkisútvarpið sé rekið fyrir skattþeninga almennings og það eigi að vera hlutlaust, hlutlægt og gegna menningarlegu hlutverki í forystu fyrir þjóðina, sem borgar brúsann. Ýmislegt gott hefur þessi ríkisrekni fjölmiðill gert í árána rás. En því miður hefur forystuhlutverk hans þynnst út með árunum. Mikill pólitískur halli er á Þessu útvarpi allra landsmanna. En hann vekur stöðugt upp spurninguna um það hvort réttlætlanlegt sé að almennigur borgi brúsann fyrir nokkuð einhliða áróður í stað upplýsandi fréttu og hallalausrar fjöllunar um ýmis stórmál og reyndar smærri sem gerð eru að stórmálum fréttamanna fjölmiðla.

Þegar svo er komið er vart við því að búast að þessum ríkisfjölmiðli sé fært að fást við smærri mál. Eitt þeirra er hið svokallaða „lekamál“. Í því máli leikur skjal sem Mördur Árnason varapingmaður Samfylkingar hefur vísað til og telur grundvöll

þess að Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra eigi að segja af sér. Velta má því fyrir sér hvort Ríkisútvarpið og menningarlega sinnaðir, hlutlausir og hlutlægir fréttamenn okkar almennings á Íslandi hafi staðið undir þeim skyldum, sem lögin setja þeim og þeir sjálfir vísa oft til, í þessum efnunum. Það hefði verið athyglisvert ef þeir hefðu til dæmis byrjað umfjöllun sína á því að spyrja Mördur Árnason varþingmann Samfylkingar að því hvar hann hefði fengið skjalið sem hann veifar stöðugt og hvers vegna hann væri með það undir höndum. Þess hefði ekki verið að vænta að hann hefði svarað því. En hlutlæg og hlutlaus fréttamiðlun hefði kallað á það án undanbragða.

Hanna Birna hefur legið undir stöðugum árásum vegna málsins. Hefði hið sama verið um Ögmund Jónasson forvera hennar? Varla. En það alvarlega er að allt starfsfólk Innanríkisráðuneytisins liggur undir grun um að hafa brugðist starfskyldum sínum, sama fólk og vann fyrir Ögmund fyrir stuttu síðan. Skiptir nafn stjórnmalaflokks og nafn ráðherra meiru en staðreyndir þegar kemur að lagaskyldu ríkisrekens fjölmiðils?

Vart verður því trúað þótt það blasi við að stjórnmalamaður sem tekur til hendi í störfum sínum og lætur verkin tala eigi í hlut. Þau skipta mestu og þar hefði átt að hefja umfjöllun.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

10 TÚLÍPANAR 1.499 kr.

Konudagsvöndur 3.990 kr
 Kaupouki
 Gloss frá Avon fylgir meðan birgðir endast

ILMVATNS-PRUFA FYLGIR! DOLCE & GABBANA meðan birgðir endast

blómaval

KONUDAGURINN í Blómavali Ísafirði

VERKFERADAGAR í Húsasmíðjunni

Heimilistrappa 3.995 kr
2 þrep
Heimilistrappa Elkop 2 þrep 5078690

Verkfærataska 5.995 kr
8.399
Verkfærataska Stardev 5024859

Höggborvél 6.995 kr
10.995
Höggborvél B&D 500W 13 mm flytípatróna 5245599

Topplýklasett 23 stk 8.995 kr
13.695
Topplýklasett NEO 23 stk 1/2", 8-32 mm 5052909

HÚSASMÍÐJAN
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

Hefur einu sinni fengið textablakkát

„Auðvitað fannst öllum það út í hött að maður skyldi fara af markaðssvæðinu, ef svo má segja, en í rauninni eru þetta allt tilviljanir. Við vorum búin að vera í borginni í þrjú ár eftir að ég útskrifaðist og kom aftur til landsins árið 1997,“ segir Elfar Logi Hannesson frá Bíldudal, leikari, leikstjóri, leikhússtjóri og leikritahöfundur á Ísafirði. Hann hefur mörg undanfarin ár búið og starfað á heimaslóðum, þ.e. á Vestfjörðum, en stundaði leiklistarnám í Danmörku og var síðan nokkur ár í Reykjavík. Kannski er það ekki það algengasta að ungt fólk á Vestfjörðum fari brott til náms, jafnvel til útlanda, og komi svo aftur vestur til að verja starfsævinni þar.

„Við bjuggum í Hlíðunum, sem eru úrvallsgott svæði, en einhvern veginn leiðir maðni aldrei eins og heima. Í Kaupmannahöfn leið mér aftur á móti talsvert þannig, eiginlega var það ekkert ósvipað að vera þar og hérna á Ísafirði. Ef ég skyldi einhvern tímann flytja hédan aftur, þá fer ég bara til Kaupmannahafnar!

Ég hafði meira en nóg að gera í Reykjavík, mér var afskaplega vel tekið. Sjónvarpið greip mig strax og ég kom úr leiklistarnáminu og henti mér inn í barnatímann, þar sem ég var í eitt ár. Það var mjög skemmtilegur og góður og lærdómsríkur reynslutími. Möguleikhúsið í Reykjavík, sem er eins konar ferðaleikhús ásamt

því að setja upp sýningar fyrir börn, hafði líka strax samband við mig, þannig að ég var alls ekki að flýja neinn verkefnaskort syðra. Aftur á móti hafði ég leikstýrt nokkrum verkefnum hérna á Ísafirði, svo sem sumarleikhúsinu Morranum og hjá Litla leikklúbbnum, og alltaf leið mér betur og betur hérna.“

Maður verður að hlusta á sjálfan sig

„Svo ákváðum við bara að taka stóra stökkið og flytja vestur, vorum svo sem ekkert að skipuleggja neitt. Það spillti ekki fyrir þeirri ákvörðun að konan mín er hédan að vestan, hún er frá Þingeyri. Við kynntumst á Núpi í Dýrafirði árið 1989 þegar við vorum sautján ára og höfum verið þar alla tíð síðan! Já, það fannst öllum þetta vera mikið glapræði og sérstaklega leikhúsfólki fyrir sunnan sem hafði áhyggjur af mér.

Auðvitað kom svo í ljós þegar ég var kominn hingað að þetta var engan veginn full vinna og mánaðamótin urðu erfiðari en áður. En þetta var bara eitthvað sem mig langaði til að gera. Eins og Megas segir: Því lífið er stutt, já allavegana ekki mikið lengra en þú. Ég held að maður verði að hlusta stundum á sjálfan sig og gera bara það sem mann langar til að gera.“

Það var á sjálfu aldamótaárinu 2000 sem Elfar Logi fluttist vestur á Ísafjörð ásamt fjölskyldu

sinnu og þar hafa þau verið síðan. Hann nam leiklist við The Commedia School í Kaupmannahöfn, enskum leiklistarskóla eins og nafnið gefur til kynna, brautskráðist þaðan árið 1997 og settist þá að í Reykjavík. En hvernig stóð á því að hann stofnaði Kómedíuleikhúsið á sínum tíma?

Stofnun Kómedíuleikhússins

„Þegar ég var í leiklistarnáminu í Kaupmannahöfn var þar annar Íslendingur sem kom síðan heim um leið og ég, Róbert Snorrason. Við náðum talsvert vel saman í náminu og komum svo heim og ætluðum að sigra heiminn og biðum bara eftir því að Þjóðleikhússtjóri hringdi í okkur. Hann hringdi nú aldrei. Leikarar sem koma úr námi ytra verða auðvitað að láta einhvern veginn vita af sér, leikhússtjórnir hafa ekkert séð til þeirra. Við ákváðum því bara að stofna eigið leikhús sem fékk nafnið Kómedíuleikhúsið, með beinni tengingu í skólann þar sem við höfðum verið.

Við settum upp þrjú verk á þessu fyrsta ári, 1997, tvo stutta barnaleikþætti sem við sýndum allvíða og eitt leikrit sem við sömdum sjálfir og var sýnt í Möguleikhúsinu. Það er ekki alltaf sem gagnrýnendur hrósa manni en sá sem skrifaði krítíkuna í Moggann var afskaplega ánægður. Við fórum líka með þetta út á land og byrjuðum heima á Bíldudal þar

sem heilt þorp hafði fylgst með manni stíga fyrstu skrefin á leiksviðinu sex ára gömlum. Mér fannst ég skulda þorpinu það að koma og sýna fólkinu að ég hefði ekki bara verið að drekka bjór úti í Danmörku, þó að ég hafi nú gert talsvert af því.“

Róbert flutti síðan aftur út til Danmerkur árið eftir og hefur plumað sig vel og Elfar Logi hefur verið einn með Kómedíuleikhúsið síðan. „Nei, ekki einn!“ leiðréttir hann. „Þegar Róbert fór tók konan mín við sem minn nánasti samstarfsmaður.“

Kann bara að búa til stelpur

Eiginkona Elfars Loga er listakonan Marsibil Kristjánsdóttir. Svo vill til, að bæði hafa þau verið útnefnd bæjarlistamenn Ísafjarðarbæjar. Þau eru ekki einu hjónin sem þann titil hafa hlotið, því að bæði Jónas Tómasson og Sigríður Ragnarsdóttir hafa einnig hlotið þá sæmd og líka Jón Sigurpálsson og Margrét Gunnarsdóttir.

Þau Marsibil og Logi eiga þrjú börn. „Það eru allt stelpur, og svo eigum við eitt barnabarn og það er líka stelpa. Að búa til stelpur virðist vera það eina sem ég kann. Ein dóttirin er orðin svo stór að hún er flutt að heiman, önnur er hér í menntaskólanum og sú yngsta í grunnskólanum. Afastelpan er náttúrliga í leikskóla enda bara tveggja ára.“

Ekki kómedíur umfram annað

Enda þótt Kómedíuleikhúsið dragi nafn sitt beint af skólanum í Kaupmannahöfn eru viðfangsefni þess alls ekki kómedíur eða gamanleikir umfram annað.

„Þegar ég var að slíta mínum leikhúsrímum á Bíldudal í æsku þótti ég eingöngu brúklegur sem gamanleikari. Þabbi er náttúrliga úrvals gamanleikari, búinn að vera það í fjölda ára og reyndar ennþá að leika, þannig að ég var bara settur í gamanhlutverkin. Svo fer ég í þennan skóla með þessu nafni og fer að læra trúðatækni, commedia dell'arte, sem er trúðaskotin list. Svo þegar ég kem heim fæ ég kannski ekki trúðsleg hlutverk heldur frekar alvarlegs eðlis, ekki þó hádramatísk hlutverk. Ég hef líka leikið í nokkrum kvikmyndum og það eru bara yfirleitt einhverjir gæjar, týpískir Íslendingar í tilvistar-kreppu en engin Laddahlutverk.

Kómedíuleikhúsið hefur frá 1997 sett upp 36 leikverk og mörg af þeim eru alls ekkert hreinir gamanleikir. Sum af þeim eru háalvarleg, eins og til dæmis sýningin um Sigvalda Kaldalóns. Hún er bara dramatík, en það er náttúrliga grín í henni líka. Chaplin, mín helsta fyrirmynd og átrúnaðargóð í listinni, hann var nú bestur í harmleiknum ef grannt er skoðað. Gamanleikurinn birtist einmitt í harmleiknum þannig að kannski má segja

Sælkerar vikunnar eru Daniela Yordanova og Sigurður Friðrik Lúðvíksson

Mussaka og Tarator

Mussaka

500 gr. svína- eða lambahakk,
ekki magurt
3-4 stórar kartöflur
1 laukur
1-2 matskeiðar ólífuolía
1 tsk paprika
salt og pipar eftir smekk
fersk eða þurrkuð steinselja
Toppdeig:
3 egg
½ líter AB mjólk/ súrmjólk
1 matskeið hveiti
smá salt og pipar
Undirbúningur:
Hitið ólífuolíu í djúpri pönnu,
steikið hakkað kjótið létt brúnað.
Bætið á pönnuna salti, pipar,
papriku og smátt brytjuðum

lauk, og setjið lokið á 2-3 mínútur.
Skerið kartöflur í litla teninga,
setjið helminginn af kartöflunum
í ofnfat eða form, allt af pönnunni
yfir, restin af kartöflunum þar
ofaná. Hellið vatni á svo rétt fljóti
yfir. Bakið í 220 gráðu heitum
ofni þar til vatnið hefur gufað
upp og kartöflur eru mjúkar.

Toppdeig: Egg, jógúrt, hveiti,
pipar og salti blandað vel, og
hella jöfnu lagi yfir. Setjið aftur í
ofninn í ca. 10 mínútur, eða þar
til brúnað er. Áður en serverað
er, stökkvið með steinselju.

Tarator

½ líter AB mjólk /súrmjólk
200 g agúrur

1 msk ólífuolía
2-3 hvítlauk
120 ml af vatni
salt
50g valhnetur eða möndlur
dill

Undirbúningur:

AB mjólk /súrmjólk er vel
hrist. Pynnt er með köldu vatni.
Saxið gúrkurnar smátt í litla ten-
inga, hakkið dill, kremjið hvít-
lauk vel í morteli, með teskeið af
salti. Hrærið öllu saman, kælið,
stráid hökkuðum hnetum/möndl-
um yfir þegar serverað er.

Við skorum á Mariam Esmail
á Ísafirði að koma með næstu
uppskrift.



að maður sé dálítið tragikómískur.“

Pabbi batnar með aldrinum eins og rauðvínið

Foreldrar Elfars Loga eru hjónin Þórunn Helga Sveinbjörnsdóttir og Hannes Stephensen Friðriksson á Bíldudal. Hannes rak um langt árabíl verslunina og veitingastaðinn Vegamót á Bíldudal ásamt konu sinni en þau seldu staðinn á síðasta vori. Börn þeirra eru fjögur: Þórarinn, Kristín, Elfar Logi og Birna Friðbjört.

„Pabbi verður 75 ára á þessu ári. Hann var búinn að ákveða að fara að njóta lífsins meira. Og það hafa foreldrar mínir vissulega gert og verið bara að leika sér. Mér finnst að þau eigi það alveg inni. Pabbi hefur unnið við verslunarstörf alla ævi, ég held að hann hafi verið byrjaður fimmtán eða sextán ára gamall.“

Elfar Logi, sem í daglegu tali er bara kallaður Logi, byrjaði sex ára gamall að leika í Baldurshaga á Bíldudal. En hvað er að segja af föður hans á leiklistarviðinu? „Leikfélagið Baldur á Bíldudal er stofnað 28. janúar 1965 en setur samt ekki upp sína fyrstu sýningu fyrr en 1966. Pabbi var þá farinn að leika nokkrum árum áður. Mig minnir að hann hafi byrjað að leika árið 1962 með slysavarnadeild kvenna á Bíldudal. Meðal annars lék hann í Bór Börssyni árið 1964.“

– Og hann er still going strong eins og Johnny Walker ...

„Já, heldur betur. Það er með hann eins og rauðvínið, hann bara batnar með árunum. Einmitt núna er hann að taka að sér hlutverk í tvíleik sem verður sýndur í Baldurshaga í maí.“

Tilgangurinn er að fólk vinni saman

Logi er og hefur verið mjög virkur í félagsstörfum, aðallega tengdum listalífi. Þar nægir að nefna Glæpafélag Vestfjarða og Félag vestfirskra listamanna. Hvert sækir hann áhugann á félagslífi?

„Þegar ég er að alast upp á Bíldudal eru félög afskaplega mikilvæg í öllu samfélaginu. Foreldrar mínir voru og eru miklar félagsverur. Þarna voru ýmis öflug félög og slíkt leiðir af sér að það er mikil samstaða og fólk vinnur saman. Meðal þess sem ég er mjög upptekinn af er einmitt að fólk vinni saman. Það var meðal annars tilgangurinn með stofnun Félags vestfirskra listamanna, sem hefur verið starfandi í þrjú ár, við vorum núna að hefja okkar fjórða ár.“

Já, ég hef verið formaður þess frá stofnun en ég ætla ekki að vera þar í brúnni til eilífðarnóns. Maður verður kannski eitt ár í viðbót en það þarf alltaf einhver að taka við til að fá nýja strauma. Þetta má ekki verða einhæft. En tilgangurinn er fyrst og fremst að

kynna félagsfólkið og það höfum við gert með ársritinu List á Vestfjörðum sem hefur komið út í þrjú ár í röð og kemur út í fjórða sinn á þessu ári.“

Ennþá með sviðsskrekki

– Þú ert væntanlega mikil félagsvera?

„Ég held að það sé óhætt að segja það, þó að mér þyki líka afskaplega gott að vera einn. Það er gott fyrir alla að vera stundum einn og út af fyrir sig. Ég er svo vel giftur að ég fæ stundum leyfi til að vera einn!“

– Ertu feiminn?

„Líklega eitthvað þjáður af því. Maður setur alltaf upp einhverja grímu þegar maður hittir annað fólk. Maður er voða kátur og líka jákvæður, sem mér finnst nú gott, ég er alinn upp við mikla jákvæðni og hef tamið mér hana. En þegar ég er einn tek ég mínar syrpur, en þá á ég það bara við sjálfan mig.“

– Ertu yfirleitt með sviðsskrekki fyrir sýningar?

„Já, ég er með hann ennþá. Og ég held að það sé afskaplega mikilvægt. Ég man að í eitt skipti fann ég ekki fyrir honum. Það var einmitt í þeirri sýningu sem hefur í rauninni verið mitt lífibrauð frá 2005, sem er Gísli Súrsson. Einu sinni var ég eitthvað værukær fyrir sýningu og eitthvað ekki alveg með hugann við hana. Þetta var kannski sýning númer hundrað og fimmtíu eða eitthvað svoleiðis.“

Ég fann það eftir sýninguna að ég var ekki ánægður með sjálfan mig eða hvernig ég stóð mig. Þetta var góð áminning, mér fannst þetta ekki vera sú sýning sem ég vildi bjóða upp á. Og enn þann dag í dag, þó að það séu að nálgast þrjú hundruð sýningar á þessu verki, alltaf rétt fyrir sýningu koma upp einhverjar áhyggjur, að ég muni ekki textann, að allir leikmunirnir séu ekki á sínum stað, hvernig fólk muni bregðast við og allt það. En um leið og sýningin byrjar, þá hverfur þetta algerlega.“

Textablakkát í Holti í Önundarfirði

– Hefur það komið fyrir þig að detta alveg út, muna ekki textann?

„Já, reyndar ekki oft. Ég er nú svo heppinn að ég á gott með að læra leiktexta. Það hef ég fengið frá karli föður mínum, hann var alltaf mjög fljótur að læra og temja sér sinn leiktexta. En einu sinni hefur það komið fyrir eftir að ég lauk leiknámi að ég hef fengið þetta textablakkát, sem sumir kalla. Oft er ég með einleiki, er einn á ferð og geri allt einn, set upp leikmyndina og ljós-in og allt.“

Svo gerist þetta á Guðmundarvöku í Holti í Önundarfirði núna 15. janúar, á afmælisdegi Guðmundar Inga skálds, í nýjustu

sýningunni minni, Fjalla-Eyvindi. Sem betur fer er þetta svo ný sýning að konan mín hefur fylgt mér á allar sýningar og aðstoðað mig við kaffimálin og annað og hefur þá setið úti í sal með handritið.

Allt í einu í miðri sýningu var ég stopp, mundi ekki neitt. Ég hikaði ekkert því að ég vissi að hún var með handritið og spurði bara: Hvert var ég kominn? Hún gaf mér eina setningu og þá var þetta komið. Áhorfendum fannst þetta bara skemmtilegt. Þetta hefur ekki gerst áður. Veit ekki hvort þetta er aldurinn! Ég er að vona að svona lagað sé ekki að byrja núna.“

Fékk að leika Rómeó

– Áttu einhver draumahlutverk í framtíðinni, eða hefurðu átt þau? Hefurðu til dæmis einhvern tímunn verið Hamlet að tala við háskúpuna eða langar þig til þess?

„Nei, ég hef ekki leikið Hamlet og hef aldrei þjáðst af neinni löngun í draumahlutverk. En varðandi fræg hlutverk, þá fékk ég nú að leika Rómeó í mínu leiklistarnámi! Það var reyndar í grínsýningu, commedia dell'arte sýningu.“

En fyrst þú spyrd um draumahlutverk, þá vildi ég þó kannski leika Ketil skræk, svo ég nefni eitthvað, vegna þess að faðir minn, sem er mér mikil fyrirmynd á marga vegu, lék hann árið 1980 þegar ég var níu ára. Ég sá allar æfingarnar, sem voru eitthvað tuttugu-þrjátíu, og svo allar átta sýningarnar heima á Bíldudal. Hann lék þetta mjög eftirminnilega og mjög vel. Eins og sagt hefur verið: Það er ekkert grín að leika trúðinn. Það er jafnan erfiðasta hlutverkið.“

Í þessu sambandi hefur Logi auðvitað nokkra sérstöðu gagnvart leikurum hjá stórum leikhúsum sem setja upp alþekkt leikrit með alþekktum persónum og stórbrotnum draumahlutverkum.

Eigin verk og vestfirskur sagnaarfur

„Eftir að ég lauk náminu markaði ég mér strax þá stefnu að búa til mín eigin verk, auk þess að vinna upp úr sagnaarfi okkar hér á Vestfjörðum. Það hefur verið sérgrein Kómedíuleikhússins. Við förum ekkert út fyrir Vestfirðina í efnisvali. Öll verkin sem við flytjum eru frumsamin eða byggð á verkum einhverra sem eiga tengingu við Vestfirði. Núna er Henna-Riikka Nurmi að vinna með okkur að barnasýningu sem heitir Halla, byggð á samnefndri ljóðabók Steins Steinars, og verður frumsýnd rétt fyrir páska.“

– Heldurðu að áhyggjum vinanna í listalífinu syðra af þér vegna „útleðarinnar frá siðmenningunni“ sé eitthvað farið að slota?

„Ég veit það ekki! Ég á fjöl-



marga vini innan leikhús- og listaheimsins sem ég hitti reglulega þegar ég kem til borgarinnar, gjarnan setjumst við niður á Mokka og ræðum málin. En mér finnst nú gaman að þeir vita yfirleitt meira um mig en ég um þá. Þeir eru greinilega að fylgjast vel með mér, þannig að eitthvað er maður nú að bardúsa.“

Þegar konan segir eitthvað er það rétt

– Þig dreymir að líkindum ekki um það að eyða síðustu áratugunum á ferlinum sem fastráðinn leikari í Þjóðleikhúsinu?

„Nei, ekki lengur. Það var draumur minn þegar ég kom heim frá námi, mér var reyndar alveg sama hvort ég myndi lenda í Borgarleikhúsinu eða Þjóðleik-

húsinu. Núna er ég fyrir löngu kominn á allt aðra bylgjulengd. Ég er ánægður með það sem ég er að fást við, ég er ánægður með lífið og tilveruna. Það sem mig langar núna til að gera meira af, og hef reyndar verið að gera hægt og rólega, er að fást ennþá meira við skriftir. Konan er líka mikið að ýta mér í þá átt. Og ég veit að þegar hún segir eitthvað, þá er það rétt!“

Gíslastaðir í Haukadal væru síðan efni í annað viðtal og þá við þau hjónin bæði, Marsibil og Loga. En núna segir hann aðeins: „Það er draumur okkar beggja að þar myndum við klára okkar skeið. Við erum búin að ákveða að þegar þar að kemur ætlum við að taka okkur upp og fara í sveitina og vera þar.“ – hþm.




Fékk þessa kjánalegu hugmynd og varð að prófa. Stóð fyrst á gólfinu, síðan á stól og skeytti svo saman í Photoshop.



Norðurljósadýrð í Önundarfirði. (Kóðak mómentið mitt).



Tekið þegar farið var að rökkva, af klaka ofan á steini í læk.



flickr™

Nafn: Oddur Jónsson
Uppruni: Ísafjörður
Flickr-síða:
flickr.com/oddurjons

Af hverju ljósmyndun?
Finnst íslenskt landslag og gamlir hlutir heillandi og gaman að glíma við að ná óvenjulegum myndum af venjulegum hlutum.
Fyrsta græjan? Nikon

N2000 (sem ég man eftir).
Skemmtilegasta Kóðak mómentið? Þegar ég fékk hringingu frá vinnufélaga um norðurljósadýrð í Önundarfirði og náði loksins norðurljósamyndum.
Hvað er í dótakassanum?
Myndavél: Nikon D300.
Linsur: Sigma 10-20, Nikon 18-70 Nikon 35 og Nikon 50. Þrífótur og 10 stoppa filter.
Á hvern skorar þú?
Kára Þór Jóhannsson.



Gamla bryggjan við Arngerðareyri.



Ungur strákur sem dró sig afsíðis í skírn bróður síns, friðsæll og íbygginn á svip.



Glimrandi stemmning á þorrablóti Sléttuhreppinga

„Það var glimrandi stemmning,“ segir Jón Heimir Hreinsson hjá Áthagafélagi Sléttuhrepps á Ísafirði og nágrenni en hið árlega þorrablót félagsins fór fram um helgina í Félagsheimilinu í Hnífs-

dal. Jón Heimir telur að á blínu 130-160 manns hafi sótt blótið, eða svipað og síðustu ár.

Stefán Jónsson og Guðmundur Hjaltason spiluðu fyrir dansi fram á rauða nótt og að sögn Jóns

Heimis tóku gestir hressilega á því á dansgólfinu. „Þeir félagar voru rosalega flottir og gestirnir voru mjög ánægðir,“ segir hann. Meðfylgjandi myndir voru teknar á þorrablótinu. – harpa@bb.is





Sportið í beinni...

Fimmtudagur 20. febrúar

kl. 18:00 Slovan L - AZ Alk.
kl. 18:00 FC Dnipro - Tottenham.
kl. 20:00 Ajax - Red Bull Sals.
kl. 20:00 Swansea - Napoli

Laugardagur 22. febrúar

kl. 12:45 Chelsea - Everton
kl. 15:00 WBA - Fulham
kl. 15:00 West Ham - South.pt.
kl. 15:00 Man. City - Stoke
kl. 15:00 Cardiff - Hull

kl. 15:00 Arsenal - Sunderland
kl. 15:00 Real Madrid - Elche
kl. 17:30 Crystal P. - Man. Ut.
kl. 19:00 Real S. - Barcelona

Sunnudagur 23. febrúar

kl. 13:30 Newcastle - Aston V.
kl. 13:30 Liverpool - Swansea
kl. 16:00 Norwich ð Tottenham
kl. 20:00 Osasuna - Atletico

Þriðjudagur 25. febrúar

kl. 17:00 Zenit - Dortmund
kl. 19:45 Olimpiakos - Man. U.

Miðvikudagur 26. febrúar

kl. 19:45 FC Schalke - Real M.
kl. 19:45 Galatasaray - Chelsea

Fimmtudagur 27. febrúar

kl. 18:00 Red Bull - Ajax
kl. 18:00 Napoli - Swansea
kl. 20:00 Tottenham - Dnipro

Dagar Íslands

20. febrúar 1943: Skömmtun hófst á bensíni. Eigendur smábifreiða fengu 1,5 ltr. á dag.

21. febrúar 1945: Dettifoss sökk norður af Írlandi. Fimmtán manns fórust en þrjátíu var bjargað. Þýskur kafbátur skaut skipið í kaf en aðeins þremur mánuðum síðar játuðu Þjóðverjar sig sigraða í styrjaldaráttökunum.

23. febrúar 1992: Skuttogarinn Krossnes frá Grundarfirði fórst á Halamiðum. Níu manns af tólf manna áhöfn var bjargað. Þetta var fyrsti íslenski skuttogarinn sem sökk.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

NA 8-15 m/s en 13-18 m/s NV-til. Snjócoma eða slydda A-lands, él fyrir norðan en úrkomulífið SV-til.

Horfur á laugardag:

Fremur hæg NA-átt. Stöku él Norðan- og Austanlands en bjartviðri syðra. Frost 0-8stig.

Horfur á sunnudag:

Norðaustlæg átt og víða úrkomu, ýmist rigning, slydda eða snjócoma. Hiti yfir frostmarki en annars vægt frost.

Krossgátan

	Jón Steingr.	Áform	Samstæðir		✓	Reyk-súla	Stafur	✓
			Amboð			Sérhlj.	Óráð	
	Strák-hvolp							
Tala Bitar		>				Forsetn.		
Skemmtun						Þjálfar		
Dýrið	↓	Blóts-yrði	↘					↘
			Á fæti					
						Nötra		
						Þröng		
Kjá						Forfeðrum	Samhlj.	
						Álegg	Sýl	
Samhlj.	→		Tæmir				Á endum	
Daggar	↓		Tala Forskaut				Hraðinn	
						Átt	Nokkuð	
						Dýrunum	Sendimær	
Hríð				Seiglu				Átt
Liðir				Hátta-lags				Samhlj.
			✓		Uppnám			
					Átt			
Samhlj.		Skyldum Utan					Sérhlj.	
		Lánið					Skammir	
Hlíffðar	↘					↘	Áhald	
	Dimm-rödduð					Nagdýrs	Þramm	
					Orðróm		Eins	
					Frjáls		Maður	
Dögg lónaðar-mann								
			Samtök			Spor		Hreyfing
			Sem stendur			Eink. st		
Um-dæmi	Mæða						Gata	
	Átt						Upphr.	
Nef-tóbak						Drykkju-menn		

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



Gámapjónusta
Vestfjarða ehf

BROTJÁRN

Parftu að losna við brotajárn?
Tökum á móti brotajárni
og útvegum gáma undir það.

Sími: 456 3710
gamarvest.is

Lausn á síðustu krossgátu

		G	I	D	S						
	H	A	N	N	↔	G	U	S	T		
	B	A	N	V	Æ	N	N	E			
	B		L	A	S	K	A	R			
Jón Steingr.	↓		S	L	Ö	R		U	R	T	
	E	S	S		A	G	↓	Æ	R	A	
A	F	B	Ö	K	U	N	S	S		A	L
	A	S	K	A	N		V	I	S	K	A
	S		K	U		F	O	R	K	U	R
S	T	R	U	N	S	A	N		O	R	F
	↓	A	L	I	N	G	A	U	R		A
K	U	K	L		E	N	↔	S	T	Ó	R
Á	M	A		B	R	A			K	S	K
	↔	S	T	Æ	R	Ð	I	N	A	A	R
S	K	A	R	T	A		T	O	R	G	A
	Ó	R	Ó	I		K	E	R	L	A	N
A	P	A	Ð		H	E	M	P	A	N	S

Sudoku þrautir

1								
		8				4	9	
			9		3		8	
	2		3		7		4	
		5	2		8	6		
	4		6		5		2	
	6		8		9			
	3	2				7		
								3

			5					2	
3	4					5			
2					4			3	
	6				1				
9	2						8	1	
			8				4		
8			9					6	
		3						1	4
1					5				



Sten Frigg við Mávagarð. Risa olíulöndun

Olúskipið Sten Frigg landaði á föstudag einum stærsta olúfarmi sem hefur komið til Ísafjarðar. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir með þessu sé Olúdreifing formlega að taka í notkun nýja olúdreifingastöð á Mávagarði. „Laugarnesið hefur komið nokkrum sinnum með smá sleikjur en þetta er í fyrsta sinn sem svona stórt skip kemur á Mávagarðinn. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta sé einn stærsti olúfarmur sem hefur komið til Ísafjarðar allavega frá því ég byrjaði á höfninni fyrir 12 árum,“ segir Guðmundur.

Farmur skipsins var 2,4 milljónir lítra. Og hver lenskt skyldi Sten Frigg vera? Við því er langt svar eins og venjan á stórum flutningaskipum. „Skipstjórinn er rússneskur, áhöfnin frá Filippseyjum, skipið er skráð í Gíbraltar og útgerðin er norsk,“ segir Guðmundur. — smari@bb.is

Allt starfsfólk Eyrarskjóls heldur áfram

Öllu starfsfólki leikskólans Eyrarskjóls verður boðið áframhaldandi starf á leikskólanum ef og þegar samningar nást milli Ísafjarðarbæjar og Hjallastefnunnar ehf. Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir að á fundi með starfsfólki skólans hafi ríkt einhugur um að allir starfsmenn haldi áfram ef til samnings kemur.

„Vissulega yrðu gerðir nýir samningar þar sem samið yrði um vinnutíma og starfshlutfall. En það er nóg rúm í Hjallastefnuskóla fyrir alla þá sem vilja vinna með okkur eftir hugmyndum og aðferðum Hjallastefnunnar,“ segir Áslaug. Í samtali við BB sagði Gísli Halldór Halldórsson, að honum vitanlega væri ekki tryggt að allir fái áframhaldandi vinnu.

smáar

Til sölu eða leigu er 150m² íbúð ásamt 38m² bílskúr að Skógarbraut 3 á Ísafirði. Uppl. í síma 695 4295 (Björn) eða 663 4295 (Kristín).

Til sölu er Young Chang flygill, 180 cm og kontrabassi, 75% rúmenskur. Upplýs. gefur Magnús í síma 893 3783.

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N Sjóvinnufatnaður
 Stígvél og vettlingar
 Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

GÖX HÚSASMÍÐI ehf
Öll almenn húsmíði
 Bolungarvík Umboðsaðili fyrir GLERBORG
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði www.verkvest.is

ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala 456 3800
Bílaverkstæði 456 4580

BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
 Suðurgötu 9

Kampi EHF
 Rækjuvinnsla: Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla: Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

HRADFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær niðing sjávarauðlinda



asics®

KOMDU ÞÉR AF STAÐ!

VOR 2014 - NÝ SENDING!

**HLAUPAFATNAÐUR
OG HLAUPASKÓR
Í MIKLU ÚRVALI**



**Hafnarbúðin
Hafnarhúsinu
Sími: 456 3245**

SPORTÍs

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS